

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 2.2.2022
UST202201-191/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 – Einiholt 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 fyrir Einiholt 1.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að 4 ha. af landi Einiholts 1 verður breytt úr landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er nú þegar um 7 ha. skilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði á landinu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir aukinni þjónustu, í formi gistingar, veitingasölu og þjónustubyggingum, fyrir ferðamenn og heildar byggingarmagn svæðisins getur verið allt að 4000 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur